

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

1. gr.

Aftan við 64. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein 64. gr. A og hljóðar sú grein þannig:

Sild skal flokkuð í 1 gæðaflokk til manneldis.

1. flokkur. Vinnslusild, sem er fersk, með eðlilega lykt, útlit og blæ, og laus við átuskemmdir og aðra galla.

Úrgangssild. Sild, sem er með greinilega súr-, ýldu- eða slagvatnslykt, er slegin, kramin, marin, blóðsprungin með greinilegum átuskemmdum, sködduð eða gölluð á annan hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júní 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 314.

29. júní 1981.

AUGLÝSING

um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 1974, er hvers konar varsla og meðferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskildum: Oculoguttæ cocaini 2% Ph. Nord. og Solutio cocaini 4% Ph. Nord., sem heimilt verður að nota í læknisfræðilegum tilgangi eftir lyfjaávisun læknis með sömu skilyrðum og áður hafa verið í gildi um afhendingu og eftirritun þessara lyfja.

Sjúkrahúsum er þó heimilt að nota s.n., „Bromptonmikstúru“, sem Lyfjaverslun ríkisins einni er heimilt að framleiða. Í einstökum tilvikum er notkun hennar heimil utan sjúkrahúsa, að fengnu leyfi ráðuneytisins.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 425/1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.